



Borgarráð

### **Samninganefnd Reykjavíkurborgar**

Hjálögð drög að erindisbréfi samninganefndar Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar.

Samninganefndin starfar í umboði borgarstjóra sem setur henni erindisbréf en borgarráð fól borgarstjóra hinn 28. febrúar 1989 að fara með samningsumboð Reykjavíkurborgar og annast samningsgerð f.h. Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna. Samninganefnd hefur það hlutverk að koma að undirbúningi kjarasamningsviðræðna við viðsemjendur, koma að vinnu í samningsviðræðum eftir faghópum og sinna verkefnum samstarfsnefnda stéttarfélaganna á gildistíma kjarasamninga.

Í ljósi mannabreytinga í störfum er lögð fram tillaga að breytingu á skipan samninganefnd Reykjavíkurborgar. Með skipan nefndarinnar er fyrri samninganefnd Reykjavíkurborgar leyst undan störfum.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið tók til starfa 1. júní 2019 og samkvæmt samþykkt borgarráðs hefur sviðið yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og styður við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Hlutverk þessa nýja kjarnasviðs er að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd mannauðsstefnu, tryggja samræmi í framkvæmd, veita stjórnendum ráðgjöf og annast gerð kjarasamninga. Sviðið skiptist í fjórar einingar og ein þeirra er skrifstofa kjaramála. Helstu verkefni skrifstofu kjaramála er m.a. gerð kjarasamninga, fyrirsvar Reykjavíkurborgar gagnvart stéttarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins og kostnaðarmat kjarasamninga og snúa meginverkefni allra starfsmanna/starfa skrifstofunnar að kjaramálum og kjarasamningum.

Núverandi samninganefnd hefur starfað síðan haustið 2019 en þá var gerð breyting á skipan hennar og henni í fyrsta sinn tvískipt í viðræðunefnd og stærri samninganefnd. Síðasta samningalota, sem lauk sumarið 2020, gaf góða raun á fyrirkomulagið og skipan nefndarinnar. Vel gekk að hafa sérstaka viðræðunefnd sem sat allar viðræður við stéttarfélögin, sem jafnan reynist ríflega fullt starf á þeim tíma, og síðan stærri samninganefnd skipaða fulltrúum frá fagsviðunum sem komu þá að viðræðunum eftir því sem þörf var á og eftir því við hvaða stéttarfélög viðræður voru á hverjum tíma. Með breiðari aðkomu sviðanna var leitast við að tryggja stöðugt upplýsingaflæði, breiðari þekkingu nefndarinnar, samábyrgð og samræmda framkvæmd á verkefninu þvert á svið Reykjavíkurborgar.

Með hliðsjón af framangreindu er nú lögð fram eftirfarandi tillaga að skipan samninganefndar Reykjavíkurborgar. Lagt er til að nefndin verði áfram skipuð öllum starfsmönnum skrifstofu kjaramála og fulltrúum allra fagsviðanna, ásamt því að með nefndinni starfi áfram sérfræðingur frá fjármáladeild Skóla- og frístundasviðs. Til viðbótar framangreindu er jafnframt lagt til að fulltrúi Þjónustu- og nýsköpunarsviðs eigi sæti í nefndinni og að sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs verði nefndinni til ráðgjafar.



Líkt og við síðustu skipan nefndarinnar er ekki gert ráð fyrir sama vinnuframlagi allra fulltrúa í samninganefnd. Starfsmenn skrifstofu kjaramála hefðu áfram það hlutverk að skipa viðræðunefnd borgarinnar og sinna öllum samninga- og samstarfsnefndarfundum við viðsemjendur. Aðrir fulltrúar samninganefndarinnar komi að stefnumótunarvinnu og öðrum undirbúningi fyrir kjaraviðræður og jafnframt að viðræðum við einstaka stéttarfélög eftir því sem þörf er á og gagnvart þeim starfshópum sem starfa á því sviði sem viðkomandi starfar á. Aðkoma viðkomandi að samstarfsnefndum yrði með sama hætti og þeirri vinnu sinnt á gildistíma kjarasamninganna eftir sem áður. Þetta fyrirkomulag hefur reynst markvisst og skilvirk í vinnu með stéttarfélögum.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi samninganefndar Reykjavíkurborgar.

# ERINDISBRÉF

## Samninganefnd Reykjavíkurborgar

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Inngangur:

Samninganefnd starfar í umboði borgarstjóra sem setur henni erindisbréf en borgarráð fól borgarstjóra hinn 28. febrúar 1989 að fara með samningsumboð Reykjavíkurborgar og annast samningsgerð f.h. Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

### Hlutverk og helstu verkefni:

Starfshópurinn er tvískiptur í viðræðunefnd og samninganefnd. Samninganefnd, ásamt viðræðunefnd, hefur það hlutverk að vinna að kjarasamningsgerð við viðsemjendur, koma að undirbúningi kjarasamningsviðræðna, leggja tillögur fyrir borgarstjóra og sinna verkefnum samstarfsnefnda stéttafélaga á gildistíma kjarasamninga. Þá skal það jafnframt vera fyrsta verkefni nýrrar samninganefndar að móta heildarstefnu varðandi samningsgerð Reykjavíkurborgar við stéttarfélög starfsmanna á næsta ári og leggja tillögur fyrir borgarstjóra þar um. Viðræðunefndin hefur jafnframt það hlutverk að sinna allri kjarasamningsgerðinni og sitja samningafundi við viðsemjendur Reykjavíkurborgar.

### Í nefndinni sitja:

Rakel Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu kjaramála, formaður.

Kolbeinn Guðmundsson, sérfræðingur á skrifstofu kjaramála, varaformaður.

Einar Geir Þorsteinsson, lögfræðingur á skrifstofu kjaramála.

Íris Jóhannsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu kjaramála.

Ofantaldir aðilar skipa viðræðunefnd Reykjavíkurborgar.

Anna Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri velferðarsviðs.

Ásdís Ásbjörnsdóttir, mannauðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Baldur Örn Arnarson, mannauðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs.

Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir, mannauðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Margrét Grétarsdóttir, mannauðsstjóri íþróttar- og tómstundasviðs.

Ragnheiður E Stefánsdóttir, mannauðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Ofantaldir aðilar ásamt viðræðunefnd skipa samninganefnd Reykjavíkurborgar.

Með skipan nefndarinnar er fyrri samninganefnd Reykjavíkurborgar leyst undan störfum.

### Starfsmaður:

Með samninganefnd starfi Haukur Þór Haraldsson sérfræðingur á skóla- og frístundasviði.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu, þ.m.t. sviðsstjóra Mannauðs- og starfsumhverfisviðs, og að því er varðar kostnaðarmat og fjárhagsleg áhrif kjarasamninga, hjá Fjármála- og áhættustýringarsviði.

**Starfstímabil:**

Samninganefnd starfi til loka kjörtímabilsins eða þar til hún verður leyst undan störfum.

Reykjavík, 21. október 2022

Dagur B. Eggertsson